




GJALLARHORNID

FRÉTTIR FYRIR ELDRI SKÁTA

5. tbl. - 20. starfsár - Desember 2013

Útgefandi: Smiðjuhópurinn - Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðmundur Jónsson



FRÆÐASETUR SKÁTA
ÚLFLJÓTSVATNI

orkan & umhverfið
náttúran
sagan
skátarnir

Smiðjuhópurinn hefur staðið vaktina í Ljósafossstöð sl. tvö ár vegna sýningarinnar „UNDRALAND-minnningar frá Úlfljótsvatni“. Sýningunni lauk formlega nú í september og höfðu þá um 7.400 gestir sótt sýninguna heim, fræðst um starfsemi skáta á Úlfljótsvatni og kynnst alþjóðastarfi skáta. Viðameiri kynning á skátastarfi gagnvart almenningi hefur ekki átt sér stað í þau 100 ár sem skátastarf hefur verið hér á landi.

En þótt búið sé að skella í lás bíður gríðarleg vinna við að taka niður, skrá, flokka og ganga frá. Landsvirkjun, bakhjarl sýningarinnar, hefur gefið okkur eitthvað fram á árið 2014 að vinna þá vinnu í Ljósafossstöð og er þeim þakkað frábært samstarf.

Í kjölfar vinnu síðustu tveggja ára kviknaði sú hugmynd að setja upp Fræðasetur skáta Úlfljótsvatni sem m.a. er ætlað að safna, skrá og sýna skátamuni. Landsvirkjun ákvað enn á ný að styðja við bakið á skátum með því að leggja til gamla stöðvarstjóra-húsið undir starfseminu og hefur verið unnið þrotlaust að standsetningu þar síðustu tvo mánuði.

Stofnað hefur verið félag um þetta verkefni sem er öllum opið og verður starfsemi fræðasetursins kynnt nánar í byrjun nýs árs. Stefnt er að formlegri opnun laugardaginn 22. febrúar kl. 14.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni er bent á að setja sig í samband við formann félagsins með tölvupósti: guðmundur@skatar.is.

Gleðilega hátíð ljóss og friðar

Gjallarhornið óskar öllum skátum og öðrum landsmönnum gleðilegrar hátíðar ljóss og friðar og farsældar á nýju skátaári. Þökkum ykkur góða þátttöku í dagskrá á árinu 2013.

Er við lítum yfir farinn veg

Árið 2013 var mjög öflugt, fjörukt og gefandi á allan átt. Þegar sendiboðinn ætlaði að taka saman helstu atriði ársins kom fljótlega í ljós að þetta var það yfirgripsmikið efni að hann ákvað að gera fjögurra síðna **Annál Smiðjuársins 2013** og er hér meðfylgjandi á blaðsíðum 3-6. Það er því við hæfi að við endum 20. starfsárið og nýtt upphaf með veglegu Gjallarhorni.

Það helsta á döfinni 2014

Laugardaginn 25. jan. kl. 19:30:

Árshátíð Smiðjuhópsins.

Laugardaginn 22. febrúar kl. 14:00:

Formleg opnun Fræðaseturs skáta Úlfljótsvatni – allir velkomnir.

Fimmtudaginn 20. mars kl. 20:00:

Aðalfundur Smiðjuhópsins í Skáta-miðstöðinni að Hraunbæ 123.

Helgina 27. – 29. júní:

Landsmót skáta 40+ á Úlfljótsvatni.

Víkuna 20. – 27. júlí:

Landsmót skáta - Hömrum Akureyri

Laugardaginn 20. sept. kl. 10:00:

Haustlítaferð skáta um Reykjanes.

Skemmtileg aðventustemning fyrir alla fjölskylduna á Úlfjótssvatni



Á Úlfjótssvatni verður notalega aðventuhelgi um mánaðarmótin. 29. nóv. - 1. des. Allir velkomnir, skátar sem og aðrir áhugasamir. Dagskráin hefst á laugardagsmorgni. Boðið verður upp á ýmsar smíðjur s.s. piparkökubakstur, konfektgerð og fjölbreytt jólaföndur m.a. úr náttúrulegum efniviði frá Úlfjótssvatni.

Þeir sem vilja geta einnig valið sér furujólatré úr skátaskóginum í fjallinu fyrir ofan ÚSÚ, en það kostar 3.500 krónur og ÚSÚ lánar ykkur að sjálfsögðu sög til að fella tréð. Jólatréshöggði fer fram á milli kl 13:00 og 15:30. Eftir skógarhöggði er svo boðið upp á heitt kakó og smákökur í JB skála.

Verð í smíðjur er 2.500 kr. fyrir 15 ára og eldri en 1.500 kr. fyrir yngri börn (Fjölskylduverð 5.000 kr. fyrir alla fjölskylduna, foreldrar með börnin sín).

Einnig er boðið upp á að vera allan daginn og enda daginn á hátíðarmat um kvöldið. Verð fyrir smíðjur og mat um kvöldið 6.400 kr. fyrir 15 ára og eldri, 3.200 kr. fyrir 7-14 ára og 0-6 ára fá frítt.

Gestum er velkomið að koma á föstudagskvöldi og eiga rólegt kvöld í kyrrðinni á Úlfjótssvatni, heitt kakó, stjörnuskoðun og/eða að vera fram á sunnudag og vera í morgunmat og njóta Undralandsins áður en haldið er heim á leið og kostar það 3.400 kr. aukalega á mann per nótt.

Skráning og allar frekari upplýsingar fást hjá Guðrúnu Ásu, dagskrárstjóra Úlfjótssvatns gudrun@skatar.is.



ANNÁLL SMÍÐJUHÓPSINS 2013

24. apríl 2013: Aðalfundur Smiðjuhópsins í Lækjarbotnaskála

Aðalfundur Smiðjuhópsins var haldinn í Lækjarbotnaskála í boði skálastjórnar þeirra Garðbúa. Eftir að menn höfðu skoðað miklar breytingar á skálanum hófst fundurinn. Fundurinn var vel sóttur og voru venjuleg aðalfundarstörf drifin í gegn af, s.s. lagabreytingar og kosning stjórnar.

Atli Smári Ingvarsson kjörinn formaður stjórnar (félagsforingi), Ingibjörg Íbí Eiríksdóttir gjaldkeri og Guðmundur Pálsson ritari.



Lækjarbotnaskáli Skf. Garðbúa

15. maí 2013: Söngkvöld með Skf. Stróki í Hveragerði

Miðvikudagskvöldið 15. maí fóru nokkrir úr Smiðjuhópnum í annað sinn á söngkvöld hjá Skátafélaginu Stróki í Hveragerði. Þar sem fyrsta söngkvöldið tókst svo vel var ákveðið að fara þetta kvöld. Mikil skátakvöld-vökustemning er á þessum kvöldum og var þarna ákveðið að gera þetta að reglulegum viðburði hjá Skf. Stróki og Smiðjuhópnum.



Frá 1. apríl til 8. september 2013: Sýningin „Undraland“ í Ljósafossstöð

Sýningin „Undraland – minningar frá Úlfjótssvatni“ sem var í gangi alla daga allt sumarið 2012 var einungis opin yfir vetrartímann þegar hópar pöntuðu sýningartíma, en var síðan opnuð aftur daglega í byrjun júní eftir viðamiklar breytingar, en margir munir höfðu bæst við sýningarmuni auk þess sem alþjóðamiðstöðvar skáta voru kynntar, þ.á.m. Kandersteg í Sviss, Gilwell Park sem og annars staðar, hafði verið bætt inn og myndum sem kynntu það fjölbreytta alþjóðlega starf skáta í heiminum. Eldri „einu-sinni-skátar“ sem sáu sýninguna þekktu vel til þessara mála en þau yngri kynntust því.



Hluti þeirra sem skipulögðu sýninguna

Þegar sýningu lauk í september s.l. höfðu um 7.400 manns séð sýninguna og fór gestafjöldi fram úr björtustu vonum okkar. Sýningarstjórn var í höndum gamla Smiðjuhópsins en sýningarstjóri var Guðmundur Pálsson.



Hluti af sýningunni í fremri salnum

ANNÁLL SMÍÐJUHÓPSINS 2013

28. – 30. júní 2013: Fyrsta Landsmót skáta 40+ haldið á Úlfliótsvatni



Varðeldurinn á Landsmóti skáta 40+

Á meðan verið var að undirbúa aðra opnun á sýningunni „Undralandi“ í Ljósafossvirkjun kom sú brjálæðislega hugmynd um að gaman væri að halda árlega Landsmót skáta 40+.

Strax var hafist handa við að úthugsa hvernig sá viðburður gæti orðið og dagskrá skipulögð um leið og samið var við staðarhaldara Úlfliótsvatns um heppilega dagsetningu með tilliti til aðsóknar á staðinn. Síðan var mótið lauslega kynnt á

Facebook, því við vildum prufukeyra eitt mót áður en við skelltum okkur út í slíkt „brjálæði“.

Dagskráin var fjölbreytt eins og sjá má í [Mótsblaðinu](#) sem gefið var út rétt fyrir mótið. Margir fréttu ekki af mótinu fyrr en sömu helgi og drifu sig á staðinn, sumir til að gista og enn fleiri til að taka þátt í fjörugum varðeldi á laugardagskvöldið eftir grillsamverustund. Um kvöldið voru veitingar seldar á vægu verði, kaffi, kakó og vöffur. [Sjá hér myndir frá Landsmóti skáta 40+.](#)

Það var samdóma álit mótsgesta og okkar að halda þessu áfram og framvegis verður mótið haldið á sama tíma, þ.e. síðustu helgina í júní, sem er [27. – 29. júní 2014 á Úlfliótsvatni](#). Merkið því strax við dagatalið ykkar – og sjáumst aftur á Úlfliótsvatni.

Nánar verður auglýst í Gjallarhorninu í vor og á [síðunni okkar](#).



2. – 5. ágúst 2013: Aðstoð um Verslunarmannahelgina á Úlfliótsvatni

Meðlimir í Smíðjuhópnum hafa ávallt svarað kallinu þegar einhver biður um aðstoð við að framkvæma einhvern skátaviðburð eins og forstöðumaður [Skátamiðstöðvarinnar á Úlfliótsvatni](#) gerði, þegar hann þurfti á aðstoð að halda vegna fjölskylduhátíðar þar um Verslunarmannahelgina 2013.

Meðal verkefna Smíðjuhópsins var: Gilwellskáli, sjá um kaffihús, gæslustörf, hljóðfæraleikur, móttaka gesta á tjaldsvæði, myndapóstaleikur, skátasmiðja (leyniletur, hnútakennsla, göngu-stafagerð, vinabönd o.fl.), tæknimál (internet, skjávarpi o.fl.), glærugerð söngvatexta og skjávarpa, útieldunarpóstur, aðstoð við barnavarðeld á laugardag, kvöldvökur fyrir gesti á laugardags- og sunnudagskvöld auk annarra þjónustustarfa á tjaldstæði. [Hér má sjá ljósmyndir](#) frá Verslunarmannahelginni á Úlfliótsvatni.



Svipmyndir frá Fjölskylduhátíð á Úlfliótsvatni

ANNÁLL SMÍÐJUHÓPSINS 2013

21. sept. 2013: *Haustlitaferð skáta 2013 – um slóðir Skagaskáta*

Haustlitaferðin 2013 var farin laugardaginn 21. sept. og var fyrst haldið til Akraness þar sem Svavar Sigurðsson tók á móti hópnum við skátaheimilið. Eftir fróðlega skoðun þar var haldið haldið í Skorradal þar sem Svanna sveitin tók á móti hópnum.

Að loknum hádegisverði var haldið í Herminjasafnið að Hlöðum þar sem Gaui litli er forstöðumaður. Þar fengum við fróðlega sýningu um „ástandið“ og hermennsku í Hvalfirði á stríðsárunum. Að þessu loknu var lagt af stað heimleiðis með viðkomu í Botnsdal þar sem svo mörg skátamót hafa verið haldin í gegnum tíðina. Útbúin var sérstök [útgáfa með úrklippum](#) af skátamótum í Botnsdal í tilefni ferðarinnar. Haustlitaferð skáta verður næst farin laugardaginn 20. september 2014 og verður þá farið um Reykjanesskagann. [Sjáið hér myndir sem teknar voru í ferðinni.](#)



Gaman var að skoða Herminjasafnið

29. sept. 2013: *90 ára afmælishátíð Björgvins Magnússonar*

Í tilefni af níráðisafmæli Björgvins Magnússonar DCC tóku einstaklingar í Gilwellhringnum og Smíðjuhópnum sig saman ásamt öðrum við að halda aldn unglingnum veglega afmælishátíð á Úlfliðsvatni.

Af því tilefni var útbúinn sérstakur steinn með áletruðum skyldi sem er við Roverway stíginn. Mikil hátíðarhöld voru síðan í Strýttunni og var mikill mannfjöldi mættur til að heiðra afmælisbarnið.

Einstaklingar í Smíðjuhópnum gáfu honum peningagjöf sem var innrömmuð í glermyndaramma, sem hægt er að brjóta og nota sem ferðapening á ferðalagi hans til Flórída, þangað sem hann fór í nóvember og ætlar að dvelja þar í nokkra mánuði. [Sjáið hér myndirnar.](#)



16. október 2013: *Söngkvöld með Skf. Stróki í Hveragerði*

Enn á ný var haldið til Hveragerðis til að taka þátt í hinu skemmtilega og vinsæla söngkvöldi með skátunum þar, þrátt fyrir að félagið stæði á á fullu við að undirbúa Smíðjudaga eftir aðeins tvo daga.

Nokkrir úr Smíðjuhópnum mættu líka og skemmtu sér vel. Sönghefti Smíðjuhópsins sem Björgvin Magnússon handskrifaði á sínum tíma var auðvitað notað að venju. Áákveðið var að halda aftur söngkvöld á nýju ári. [Sjá myndir hér.](#)



Frá söngkvöldinu í Hveragerði

ANNÁLL SMÍÐJUHÓPSINS 2013

Haustið. 2013: Landsvirkjun leggur til húsnæði fyrir Fræðasetur

Þegar sýningin „UNDRALAND-minningar frá Úlfliótsvatni“ rann sitt skeið í september s.l. var Smíðjuhópurinn kominn á fullt með næstu hugmynd: Fræðasetur skáta Úlfliótsvatni. Af miklum rausnarskap lagði Landsvirkjun til glæsilegt húsnæði austan megin við Ljósafossstöð sem áður þjónaði sem bústaður stöðvarstjóra. Þar er nú unnið að frágangi á sýningunni, innrömmun á þeim ljósmyndum sem þar voru og undirbúningi að því að gera klárt í söfnun, flokkun og sýningu á skátamunum. **KOMDU OG VERTU MEÐ OKKUR!**



Húsnæði Fræðaseturs skáta Úlfliótsvatni

18. – 20. október. 2013: 20. Smíðjudagarnir haldnir í Hveragerði



Mjög mikil þátttaka var í Smíðjudögum

Smíðjudaga þarf vart að kynna, en þeir hófust á Úlfliótsvatni 1984 sem viðbót við JOTA sem lítil þátttaka hafði verið í þá undafarin ár. Þetta var smátt í sniðum enda léleg Internet-tening á staðnum. Þetta var jafnframt upphafið að því að Smíðjuhópurinn varð til. Í fyrstu var bara um samstarf við Norðurlöndin, en WOSM vaknaði þá og hefur verið þátttakandi síðustu 17 árin.

Fyrstu 14 Smíðjudagarnir voru í höndum Smíðjuhópsins en síðan tók Miðjuhópurinn við boltanum, en í þetta sinn stóðu báðir hóparnir saman að þessu lokaverkefni Smíðjudaga. Við þökkum Hvergerðingum fyrir frábæra gestrisni og þátttakendum síðustu 20 ára fyrir að vera með okkur í þessu frábæra ævintýri. [Hér eru myndir frá Smíðjudögum í Hveragerði.](#)

25. október 2013: Starfsmönnum LV og Sogsstöðva þakkað fyrir

Föstudagurinn 25. þakkaði Smíðjuhópurinn starfsfólki Sogsstöðva fyrir ómetanlegan stuðning við framkvæmd sýningarinnar „Undraland – Minningar frá Úlfliótsvatni“ sem opin var síðustu tvö ár í Ljósafossstöð. Öllu starfsfólki þar var boðið í hádegismat á Úlfliótsvatni og veitt þakkarskjal frá sýningarstjórninni.

Guðmundur Pálsson sýningarstjóri afhenti Jóhanni stöðvarstjóra þakkarskjal frá sýningarhópnum sem Jóhann þakkaði fyrir og ætlar að halda áfram að standa við bakið á hópnum sem nú hefur tekið að sér að opna Fræðasetur skáta á Úlfliótsvatni.

[Hér eru myndir](#) frá þakkar-hádegisverðinum.



Jóhann stöðvarstjóri tekur við þakkarskjalinu

Sígræna jólatréð

-eðaltré ár eftir ár!



Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123

Sími: 550-9800

www.skatar.is

Skátarnir



Afgreiðslutími: 09:00—17:00

Pantanir og fyrirspurnir

berist á jolatre@skatar.is



Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ

Jólatré 500 cm.	kr. 339.900
Jólatré 420 cm.	kr. 199.900
Jólatré 365 cm.	kr. 103.000
Jólatré 305 cm.	kr. 80.900
Jólatré 260 cm.	kr. 64.900
Jólatré 230 cm.	kr. 40.900
Jólatré 215 cm.	kr. 32.900
Jólatré 185 cm.	kr. 23.900
Jólatré 155 cm.	kr. 17.900
Jólatré 140 cm.	kr. 15.900
Jólatré 120 cm.	kr. 13.900
Jólatré 90 cm.	kr. 10.900
Jólatré 60 cm.	kr. 4.900

GRENILENGJA

Vönduð varanleg grenilengja (16 cm breið) í 30 metra lengju. Tilvalin til útskreytinga.

Á sölustað er hægt að kaupa í metravís (800 kr .pr meter).

Sígræna jólatréð

-eðaltré ár eftir ár!



Frá 10. desember **Skátarnir**
verður jólatréssalan
opin á virkum dögum til kl. **18:00**
Sími: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Jóla-Endurfundir skáta

Að þessu sinni eru jóla-endurfundur og því tilefni er jólagrautur og tilheyrandi. Samverustund eldri skáta verður **9. desember** í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, kl. 11.30 - 13.30 og **borðhald hefst klukkan 12:00**.

Gefandi leiðtogaþjálfun fyrir fullorðna

Öflugt leiðtoganámskeið fyrir þá sem leiða sjálfbóðaliðastarf í skátafélögum og þá sem hafa áhuga á framlagi skátastarfs til samfélagsins verður haldið laugardaginn 1. febrúar, sem er síðari hluti námskeiðsins, í Skátamiðstöðinni í Hraunbæ. Námskeiðið er framhaldsnámskeiðið í Gilwell –leiðtoga þjálfun skátahreyfingarinnar eftir að áherslum var breytt og ber yfirskriftina Mannauðsstjórnun – fullorðnir í skátastarfi.

Þetta námskeið er fyrir fullorðna og Gilwell - skáta og svo fyrirliða sjálfbóðastarfs í skátafélögum, en það er nýtt hlutverk í starfi skátafélaganna. - [Sjá nánar hér](#).

Góðar vefsíður fyrir skáta

- > **Gjallarhornið - Landsmót skáta 40+ 2013**
Mótsblað
- > **Gjallarhornið - 1. tbl. 20. árgangur**
Ágúst 2013
- > **Gjallarhornið - 2. tbl. 20. árgangur**
September 2013
- > **Gjallarhornið - 3. tbl. 20. árgangur**
Október 2013
- > **Gjallarhornið - 4. tbl. 20. árgangur**
Nóvember 2013
- > **[Bandalaq íslenskra skáta](#)**
Skátavefurinn - skatar.is
- > **[Eitt sinn skáti - ávallt skáti](#)**
Starf eldri skáta
- > **[Útilífsmiðstöð skáta á Úlfjótssvatni](#)**
Sumarbúðir - Skólabúðir - Úlfjótssvatn Hostel
- > **[Smiðjuhópurinn](#)**
Samtök eldri skáta og maka þeirra
- > **[Fræðasetur skáta Úlfjótssvatni](#)**
Orkan & Umhverfið - Náttúran - Sagan - Skátarnir
- > **[Landsmót skáta 40+](#)**
Aðalsíða fyrir árlegt Landsmót skáta 40+
- > **[Gjallarhornið - yfirlitssíða](#)**
Lesið eldri útgáfur af Gjallarhorninu

Úr handraðanum: - Smiðjuhópurinn í vettvangsferð um borgina



Smiðjuhópurinn rifur útsendingu RUV til að auglýsa Smiðjudaga 2001 á Dalvík Mynd: Magnús Reynir